
Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 18. maí 2018 barst Skipulagsstofnun tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar lagningar Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði, í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna hjá Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Breiðafjarðarnefnd, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Landgræðslu ríkisins, Landsneti, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofu, Skógræktinni og Umhverfisstofnun.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ. Mat á umhverfisáhrifum - Tillaga að matsáætlun. Vegagerðin, maí 2018.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 4. júlí 2018
- Vesturbyggð með tölvupósti dags. 23. júlí 2018
- Breiðafjarðarnefnd með tölvupósti 28. júní 2018
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 19. júní 2018
- Fiskistofu með bréfi dags. 29. júní 2018
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 3. júlí 2018
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 7. júní 2018
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 11. júní 2018
- Landsneti með bréfi dags. 11. júní 2018
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. júní 2018
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 12. júní 2018
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 30. maí 2018
- Samgöngustofu með bréfi dags. 11. júní 2018
- Skógræktinni með tölvupósti 14. júní 2018
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. júní 2018

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Arnhildi Ásdísi Kolbeins og Þórarni Kristjáni Ólafssyni með tölvupósti dags. 15. júní 2018
- Fjórðungssambandi Vestfirðinga með tölvupósti dags. 15. júní 2018



- Gísla Eiríkssyni með tölvupósti með tölvupósti dags. 17. júní 2018
- Pennu ehf. með tölvupósti dags. 15. júní 2018
- Ungum umhverfissinum með tölvupósti dags. 15. júní 2018

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 14., 19., 21., og 26. júní, 4. júlí og 7. ágúst og 27. ágúst 2018.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Valkostir

Í kafla 3.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um valkosti. Fram kemur að fjallað verði um sex valkosti í mati á umhverfisáhrifum vegna endurnýjunar Vestfjarðavegar en í tilfalli Bíldudalsvegar verði lögð fram ein grunnvegslína ásamt tveimur vegslínum sem víkja frá grunnvegslínu á köflum.

Kostir vegna Vestfjarðavegar:


- Vegslína F er 34,9 km löng grunnvegslína sem þverar Vatnsfjörð.
- Vegslína A2 er 5,9 km löng og víkur frá vegslínu F í Vatnsfirði. Vegslínan fylgir núverandi vegi frá Hörgsnesi í Vatnsfirði en víkur frá honum við Flókalund þar sem hún liggur úti í sjó framan við árósa Pennu og verða vegamót Vestfjarðavegar og Barðastrandarvegar úti í sjó vestan Pennu.
- Vegslína A3 er 5,8 km löng og fylgir núverandi vegi að Flókalundi þar sem línan víkur lítilsháttar frá núverandi vegi og fer svo yfir Pennu um 40 m neðar en núverandi brú.
- Vegslína B2 er 6,5 km löng og víkur frá vegslínu F á 6,6 km kafla frá nýjum vegamótum við Bíldudalsveg og norður fyrir Botnshest.
- Vegslína D er 4,1 km löng og víkur frá vegslínu F á 3,2 km kafla við Dynjanda þar sem hún fylgir núverandi vegi.
- Vegslína E er 5,5 km löng með 2,6 km löngum jarðgöngum og víkur frá vegslínu F á 6,8 km kafla frá Norðdalsá að Neðri-Vatnahvilft.

Í tölvupósti Vegagerðarinnar, dags. 27. ágúst 2018, kom fram að fyrirhugað væri að bæta við vegslínu F2 í Vatnsfirði. Sú vegslína muni þvera Vatnsfjörð en koma á land austan Pennu og liggja framhjá Hótel Flókalundi og að Pennu í Penningsdal. Valkosturinn kemur í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun þar sem óskað var eftir því að þessi kostur yrði skoðaður. Upphaflega hafnaði Vegagerðin því að fjalla um valkostinn en við nánari skoðun hafi Vegagerðin ákveðið að fjalla um hann.


Kostir vegna Bíldudalsvegar:

- Vegslína X er 28,5 km löng grunnvegslína sem liggur frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði.
- Vegslína Y er 2,2 km löng og víkur frá vegslínu X á 2,0 kafla í Reykjarfirði.
- Vegslína Z er 4,2 km löng og víkur frá vegslínu X á 3,9 km kafla í Trostansfirði.


Í umsögnum og athugasemdum við tillögu að matsáætlun komu fram ýmis sjónarmið varðandi framlagða valkosti. Hér verður gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem komu fram og svörum Vegagerðarinnar við þeim.



Mynd 1. Valkostir sem settir eru fram í tillögu að matsáætlun fyrir vegagerð í Vatnsfirði. Auk þeirra valkosta sem sjá má á myndinni hefur Vegagerðin tilkynnt að í frummatsskýrslu verði einnig fjallað um valkosti F2 og A1 vegna veglagningar í Vatnsfirði.



Mynd 2. Valkostir sem settir eru fram í tillögu að matsáætlun vegna vegagerðar norðan vegamóta Bíldudalsvegur og Vestfirðavegar. Mjó brún lína er núverandi vegur, gul lína er valkostur F, bleik lína er valkostur B2 og blá lína er valkostur E sem felst í jarðgöngum.



Mynd 3, til vinstri. Valkostir sem settir eru fram í tillögu að matsáætlun vegna vegagerðar í Dynjandisdal og Dynjandisvogi. Settir eru fram tveir valkostir; veglína D sem fylgir núverandi vegi að hluta og veglína F sem sjá má hægra megin við veglínuna D á myndinni.

Mynd 4, til hægri. Valkostir sem settir eru fram í tillögu að matsáætlun vegna vegagerðar í Trostansfirði. Brún lína sýnir núverandi veg.



Mynd 5. Valkostir sem settir eru fram í tillögu að matsáætlun vegna vegagerðar í Reykjarfirði.



Vatnsfjörður, Barðastrandavegur og Penningsdalur

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands segir að stofnunin telur að augljóst sé út frá verndarsjónarmiðum að þverun Vatnsfjarðar sé mun verri kostur en að laga núverandi veg og bæta vegtengingar. Því leggur stofnunin til að Vegagerðin skoði þann möguleika að fjalla ekki um þverun Vatnsfjarðar í frummatsskýrslu.

Í athugasemd Ungra Umhverfissinna segir að þverun Vatnsfjarðar geti ekki talist raunhæfur valkostur og eigi þ.a.l. ekki að vera til umfjöllunar í frummatsskýrslu. Núverandi veglína, með úrbótum, verði að teljast ásættanleg.

Breiðafjarðarnefnd telur að þar sem veglínur A2 og F skerði verndargildi Breiðafjarðar verulega sé veglína A3 eina leiðin sem komi til greina af þeim lagðar hafi verið fram.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur að skoða þurfi veglínu sem væri framhald veglínu A3 sem endi við tjaldstæði að stöð 6000 í veglínu F. Einnig ætti að gera grein fyrir hvaða möguleikar felast í lækkun hámarkshraða á þessum kafla.

Í umsögn Vesturbyggðar er lagt til að núllkostur verði skoðaður frá núverandi veglínu frá Flókalundi upp að sneiðingi í Penningsdal.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að í frummatsskýrslu verði lögð fram ný veglína sem fylgi betur núverandi vegi við Flókalund og inn Pennudal, milli stöðva 3700 á veglínu A3 og 6000 á veglínu F. Sú veglína muni liggja framhjá tjaldsvæðinu á Kýrholti en tengingu við tjaldsvæði verði að færa þannig að sjónlengdir uppfylli öryggisviðmið.

Ungir umhverfissinnar telja mikilvægt að skoðaður sé kostur í líkingu við valkost A3 nema þar sem Barðastrandavegur fylgi núverandi vegstæði sunnan við orlofshúsabyggð.

Í svari Vegagerðarinnar varðandi Barðastrandaveg segir að vegtenging orlofshúsabyggðar sé á blindhæð á Barðastrandavegi og sé mjög hættuleg. Jafnframt verði vegamót Vestfjarðavegar og Barðastrandavegar of nálægt blindhæðinni. Vegagerðin hafnar því að meta áhrif valkosta sem felur í sér óbreytta legu Barðastrandavegar sunnan orlofshúsabyggðar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að fjalla ætti um þann möguleika á að lækka hámarkshraða á vegi um Vatnsfjörð.

Í svari Vegagerðarinnar segir að fjallað verði um umferðaröryggi og hvort lækkun hámarkshraða ein og sér dragi úr hættu á umferðarslysum.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um valkost A1 sem felst í veglínu sem fylgir betur núverandi vegi við Flókalund og inn Pennudal líkt og lýst er hér á undan. Jafnframt þarf að fjalla um valkost F2 sem einnig er lýst hér á undan.

Skipulagsstofnun telur líka ástæðu til að horft verði til þess við nánari útfærslu valkosta A1 og F2 að Barðastrandavegur fylgi núverandi vegstæði sunnan við orlofshúsabyggð og að tenging við orlofshúsbyggð verði færð til að draga úr hættu í stað þess að færa Barðastrandaveg.

Í ljósi þess að Vatnsfjörður er friðland sem og svæði sem fellur undir lög um verndun Breiðafjarðar þarf í frummatsskýrslu að færa fram ítarleg rök fyrir nauðsyn þess að þvera Vatnsfjörð. Það sama á við um aðra mögulega veglagningu í sjó í firðinum.

Í umfjöllun um valkosti í Vatnsfirði í frummatsskýrslu þarf að fjalla um mögulegar hraðalækkandi aðgerðir.



Jarðgöng

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að gera ætti grein fyrir því að ef ekki komi til jarðgangagerðar samhliða veglagningu hvort jarðgöng verði áfram valkostur og þá hvernig efni úr göngunum verði fyrirkomid ef að byggingu þeirra verður síðar.

Í svari Vegagerðarinnar segir að sé miðað við þann jarðgangakost sem kynntur er í matsáætlun mun efni úr göngum nýtast til vegagerðar beggja vegna ganga ef jarðgöngin komi síðar. Fjallað verði um það í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir á að verði annar valkostur en jarðgöng fyrir valinu í kjölfar þessa matsferlis er ekki hægt að veita leyfi til jarðgangagerðar síðar á grundvelli þessa matsferlis. Í slíku tilviki væri um að ræða aðra framkvæmd sem þyrfti að fjalla um sérstaklega samkvæmt ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

Vegir í fjörum og þverun áa á Bíldudalsvegi

Umhverfisstofnun telur að gera ætti grein fyrir hvort unnt sé að þvera ár ofan við ósa þannig að samhengi ána raskist síður. Einnig mætti kanna hvort koma mætti vegum fyrir sem næst fjörum án þess að leggja veg um sjálfar fjörurnar og draga þannig úr sjónrænum áhrifum framkvæmdar. Jafnframt telur stofnunin að kanna eigi hvort unnt sé að forðast að leggja vegi yfir ósa og í fjörum á Bíldudalsvegi.

Í svari Vegagerðarinnar segir að það sé öfugsnúið með hliðsjón af umferðaröryggi t.d. við ósa Þernudalsár, Fossár og Reykjafjarðarár að finna viðunandi veglínu sem krækir upp fyrir ósasvæði þeirra vatnsfalla. Slíkir krókar geti heldur aldrei fallið að landslaginu. Auk þess segir að þegar fjallshlíðar eru brattar í sjó fram og velja þurfi vegi þar sem hægt er að tryggja viðunandi öryggi gagnvart ofanflóðum verði óhjákvæmilega einhverju fórnað.

Skipulagsstofnun getur fallist á það að þar sem fjallshlíðar eru brattar í sjó fram geti þurft að leggja vegi í fjöru eða sjó, enda aðrir kostir ekki í boði. Aftur á móti gerir Vegagerðin víða ráð fyrir því að leggja vegi í fjöru eða sjó þar sem aðstæður eru aðrar. Skipulagsstofnun telur að forðast eigi að leggja vegi um fjöru sem og þvera ár við ósa nema ríkar ástæður komi til. Í frummatsskýrslu þarf að rökstyðja ástæður þess að nauðsynlegt er að þvera ár við ósa eða leggja vegi í fjörum á Bíldudalsvegi, þ.e. við Dufansdalsá, Þernudalsá, Fossá, Reykjafjarðará og Sunndalsá.

Veglína í Dufansdal

Landeigendur Dufansdals-Efri ítreka athugasemdir sem þeir gerðu við drög að tillögu að matsáætlun varðandi fyrirhugaða legu Bíldudalsvegar sunnan við Dufansdalsá. Dufansdalur-Efri eigi lítið land að sjó og landeigendur geti ekki sætt sig við að missa það undir vegagerð. Landeigendur hafi áform um að koma upp bátalalægi sunnan óss árinna og muni færsla vegarins gera út um þau áform. Auk þess hafi landeigendur nýtt fjöruna til efnistöku og til útivistar. Þrátt fyrir að Vegagerðin hafi fært fyrirhugaða veglínu um 20 m frá fyrri tillögu sé afstaða landeigenda sú sama.

Í svari Vegagerðarinnar segir að skoðað verði hvort hugsanlega megi færa veg um tanga neðan Þernudalsmúla ofar, án þess að umferðaröryggi rýrist, þannig að fláafótur fari ekki niður í fjöru milli stöðva 9900 og 10000. Slíkri færslu, um 20 m við stöð 10000 muni fylgja meiri skering en þeirri leið sem gert er ráð fyrir í tillögu að matsáætlun.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um valkost þar sem fláafótur vegar fer ekki niður í fjöru á milli stöðva 990 og 10000 á Bíldudalsvegi.

Veglína um Afréttardal




Í athugasemd Gísla Eiríkssonar er gerð athugasemd við legu veglínu F um Afréttardal. Vísað er til umfjöllunar í greinargerð starfshóps um veg yfir Dynjandisheiði. Skilja má athugasemdina á þá leið að Gísli telji að í tillögu að matsáætlun hefði þurft að fjalla um álit starfshópsins um tvær mögulegar veglínur um Afréttardal og horfa til þess við hönnun veglínu.

Í svari Vegagerðarinnar segir að við hönnun á veglínu F hafi verið horft til þess að halda skerðingu votlendis ofan vatns í lágmarki.

Í athugasemd Ungra umhverfissinna er tekið undir athugasemdir við drög að tillögu um matsáætlun um að ekki liggja fyrir næg gögn eða rökstuðningur fyrir því að vernda ekki votlendi eða sérstaka náttúru hjá Afréttarvatni, ýmist með því að fylgja núverandi veglínu eða leggja fram veglínu sem fer ekki austan fyrir vatnið. Auk þess sé óvíst um framlagða línu austan vatns vegna snjóþunga. Ungir umhverfissinnar telji því ástæðu til að kanna nýja möguleika, m.a. með minni hámarkshraða en gert hafi verið ráð fyrir.

Í svari Vegagerðarinnar segir að Vegagerðin hafi skoðað marga kosti við Afréttarvatn, skoðað snjóalög á svæðinu og látið kortleggja votlendi. Sú veglína sem lögð er fram sé niðurstaða þeirra athugana. Veglína F hafi verið valin til að vernda umhverfi Afréttarvatns eins og frekast sé kostur. Hún muni samt fara um votlendi sem sé 3,2 ha að stærð. Bent er á að hönnunarhraði veglínu F við Afréttarvatn sé 77 km/klst.




Mynd 6. Veglína F við Afréttarvatn. Fyrirhugað er að fara austur fyrir vatnið.

Skipulagsstofnun bendir á að skv. 61. gr. náttúruverndarlaga skal forðast að raska votlendi sem er 2 ha að flatarmáli eða stærra nema brýna nauðsyn beri til. Með brýnni nauðsyn er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Því þarf í frummatsskýrslu að skoða valkost sem fer fyrir Afréttardalsvatn austar en veglína F.

Dynjandistjörn

Í tillögu að matsáætlun má sjá að veglína F ásamt fyllingum kemur til með að raska Dynjandistjörn. Með vísan til 61. gr. náttúruverndarlaga, þar sem segir að stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² eða stærra njóta sérstakrar verndar, skal setja fram í frummatsskýrslu valkost þar sem markmiðið er að hlífa Dynjandistjörn við raski eins og frekast er. Að öðrum kosti skal í frummatsskýrslu rökstyðja hvers vegna enginn annar kostur en F kemur til greina við Dynjandistjörn.



Mynd 7. Veglína F við Dynjandistjörn.

Búðavík og Dynjandisvogur

Umhverfisstofnun telur að leita eigi allra leiða til að draga úr áhrifum veglagningar á landslag ofan Búðavíkur á þann hátt að minnka skeringar og fylgja núverandi vegi betur að hluta eða öllu leyti. Einnig ætti að kanna hvort unnt sé að leggja nýjan veg á mörkum fjalls og fjöru í Búðahlíð, draga úr raski á fjöru og reyna með þeim hætti að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun tekur undir það sem kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar. Í frummatsskýrslu þarf að færa rök fyrir því hvers vegna ekki er hægt að koma veglínu D fyrir án þess að liggja í fjörum og í sjó undir Búðahlíð.

Skeringar og efnisþörf

Í tillögu að matsáætlun er sagt frá fundi Vesturbyggðar og Vegagerðarinnar þann 10. ágúst 2017. Þar segir að á fundinum hafi komið fram í máli Vegagerðarinnar að minnka þyrfti efnisþörf framkvæmdarinnar verði Vatnsfjörður ekki þverarður og endurskoða þyrfti skeringar með hliðsjón af því.

Skipulagsstofnun telur að það kunni að vera að í einhverjum tilvikum sé réttlætanlegt út frá umhverfissjónarmiðum að útfæra skeringar með tilliti til efnisþarfar en almennt þá má álíta að slíkt sé í andstöðu við 69. gr. laga um náttúruvernd þar sem segir m.a. að við hönnun vega skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Sé raunin sú að umfang skeringa ráðist að einhverju leiti af efnisþörf á öðrum vegköflum framkvæmdarinnar, t.d. vegna þverunar Vatnsfjarðar, þarf að gera grein fyrir því í frummatsskýrslu og taka tillit til þess í umfjöllun um valkosti.

Gróðurfar

Í umsögn Skógræktarinnar er bent á að stofnunin hafi áður lagt til við Vegagerðina að mótvægisáðgerðir fari í auknum mæli fram næst þeim svæðum þar sem skógi er eytt og ráðist verði í þær strax eftir að jarðraski lýkur. Þá kemur fram fram að stofnunin sé reiðubúin til að veita frekari ráðgjöf og upplýsingar varðandi uppgreðslu og endurheimt birkiskóga. Í svari Vegagerðarinnar segir að samráð verði haft við Skógræktina um mótvægisáðgerðir og endurheimt skóglendis.

Í frummatsskýrslu þarf að setja fram áætlanir um mótvægisáðgerðir og endurheimt skóglendis sem hafa verið útfærðar í samráði við Skógræktina.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að ekki sé skýrt í tillögu að matsáætlun að hve miklu leyti verði stuðst við vitgerðakortlagningu stofnunarinnar við umhverfismat.



Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að rannsóknir á lífríki svæðisins hafi að mestu farið fram áður en vistgerðakort lágu fyrir. Við mat á áhrifum framkvæmdar á gróðurfari verði stuðst við fjölrít Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 54 um Vistgerðir á Íslandi og vistgerðakort stofnunarinnar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir vistgerðum á áhrifasvæði framkvæmdar, verðmæti þeirra og áhrifum framkvæmda á þær.

Lífríki í ám og vötnum

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að hafa beri í huga að þveranir/ræsi sé fær fiskum á öllum líffskeiðum þeirra bæði á seiða- og fullorðinsskeiði. Bent er á að ræsi með lokuðum botni hafi ollið vandamálum einkum vegna mikils straumhraða, of lítills dýpis eða of mikillar fallhæðar neðan við ræsi. Þá er bent á að í Noregi sé verið að skipta út hringlaga ræsum fyrir U-laga ræsi sem eru opin í botni.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir möguleikanum á að nota U-laga ræsi í stað hringlaga ræsa og gera grein fyrir ólíkum áhrifum ræsa á umhverfið.

Lífríki í fjöru og leiru

Í tillögu að matsáætlun segir að engin áform séu um að teikna mörk mismunandi leiru- eða fjörugerða á loftmyndir. Í því sambandi bendir Náttúrufræðistofnun Íslands, í umsögn sinni, á Fjölrít nr. 54 um Vistgerðir á Íslandi og upplýsingar og kortasjá á heimasíðu stofnunarinnar. Náttúrufræðistofnun tekur fram að þó kortlagning vistgerða geti verið mis nákvæm, t.d. í fjörum, sé rétt að hafa þá kortlagningu sem viðmið.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmda á mismunandi fjöru- og leirugerðir út frá vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands og hafa kortlagningu vistgerða Náttúrufræðistofnar sem viðmið.

Jarðminjar

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að ekki sé fjallað um merka setlagasyrpu í innanverðum Arnarfirði og Dýrafirði; Dufansdals-Ketilseyrar setlagasyrpuna. Rík ástæða sé til að kanna þá staði þar sem veglínur skeri þessi setlög.

Í svari Vegagerðarinnar segir að fjallað verði um setlagasyrpuna og áhrif framkvæmda á hana í frummatsskýrslu ásamt því að hún verði sýnd á jarðfræðikorti.

Menningarminjar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fornleifaskráning og vettvangsathuganir hafi farið fram á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sumrin 2015-2017. Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að veglína A2 virðist ekki hafa verið á dagskrá þegar fornleifaskráning fór fram og því þurfi að skrá minjar á þeim kafla svo hægt sé að taka afstöðu til áhrifa þess valkosta á menningarminjar.

Einnig þurfi að endurskoða hættumat fyrir einstakar minjar og minjastaði miðað við nýjar veglínur sem og ef breytingar hafi verið gerðar á eldri veglínunum, skeringum og fyllingum frá því sem var þegar hættumat var unnið.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að gerðar verði viðbótarrannsóknir vegna nýrra veglína og áhrif framkvæmda á þær metin. Einnig verði hættumat fyrir einstaka minjar og minjastaði endurskoðað hafi verið gerðar breytingar á veglínunum, skeringum og fyllingum.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og meta áhrif á fornleifar allra framlagðra veglína. Jafnframt þarf að endurskoða áhættumat fyrir minjar og minjastaði í þeim tilvikum þar sem tilefni er til að gera slíkt.



Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

1. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um valkost A1 sem felst í veglínu sem fylgir betur núverandi vegi við Flókalund og inn Pennudal, milli stöðva 3700 á veglínu A3 og 6000 á veglínu F. Jafnframt þarf að fjalla um valkost F2 sem einnig er lýst hér á undan.
2. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um valkost F2, veglínu sem þverar Vatnsfjörð en kemur á land austan Pennu og liggur framhjá Hótel Flókalundi og að Pennu í Penningsdal.
3. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um þann möguleika, a.m.k. með tilliti til valkosta A1 og F2, að Barðastrandavegur fylgi núverandi vegstæði sunnan við orlofshúsabyggð og að tenging við orlofshúsbyggð verði færð til að draga úr hættu í stað þess að færa Barðastrandaveg.
4. Í ljósi þess að Vatnsfjörður er friðland sem og svæði sem fellur undir lög um verndun Breiðafjarðar þarf í frummatsskýrslu að færa fram ítarleg rök fyrir nauðsyn þess að þvera Vatnsfjörð. Það sama á við um aðra mögulega veglagningu í sjó í firðinum.
5. Í umfjöllun um valkosti í Vatnsfirði í frummatsskýrslu þarf að fjalla um mögulegar hraðalækkandi aðgerðir.
6. Í frummatsskýrslu þarf að rökstyðja ástæður þess að nauðsynlegt er að þvera ár við ósa eða leggja vegi í fjörum á Bíldudalsvegi, þ.e. við Dufansdalsá, Þernudalsá, Fossá, Reykjafjarðará og Sunndalsá.
7. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um valkost þar sem fláafótur vegar fer ekki niður í fjöru á milli stöðva 9900 og 10000 á Bíldudalsvegi.
8. Í frummatsskýrslu að skoða valkost sem fer fyrir Afréttardalsvatn austar en veglína F.
9. Í frummatsskýrslu skal fjalla um valkost þar sem markmiðið er að hlífa Dynjandistjörn við raski eins og frekast er. Að öðrum kosti skal í frummatsskýrslu rökstyðja hvers vegna enginn annar kostur en F kemur til greina við Dynjandistjörn.
10. Í frummatsskýrslu þarf að færa rök fyrir því hvers vegna ekki er hægt að koma veglínu D fyrir án þess að liggja í fjörum og í sjó undir Búðahlíð.
11. Sé raunin sú að umfang skeringa ráðist að einhverju leiti af efnisþörf á öðrum vegköflum framkvæmdarinnar þarf að gera grein fyrir því í frummatsskýrslu og taka tillit til þess í umfjöllun um valkosti.
12. Í frummatsskýrslu þarf að setja fram áætlanir um mótvægisáðgerðir og endurheimt skóglendis sem hafa verið útfærðar í samráði við Skógræktina.
13. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir vistgerðum á áhrifasvæði framkvæmdar, verðmæti þeirra og áhrifum framkvæmda á þær.
14. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir möguleikanum á að nota U-laga ræsi í stað hringlaga ræsa og gera grein fyrir ólíkum áhrifum ræsa á umhverfið.
15. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmda á mismunandi fjöru- og leirugerðir út frá vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.
16. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og meta áhrif á fornleifar allra framlagðra veglína. Jafnframt þarf að endurskoða áhættumat fyrir minjar og minjastaði í þeim tilvikum þar sem tilefni er til að gera slíkt.



17. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 7. september 2018

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinnsson